

Upplýsingamennt 6. bekk

Skólaárið

Veturinn 2024 - 2025

Helstu námsþættir vetrarins

Helstu námsþættir eru: fingrasetning, Google classroom, forritun, ritvinnsla, veraldarvefurinn og Google umhverfið (G-svítan).

Upplýsingamennt fléttast inn í kennslu hjá öðrum námsgreinum svo sem íslensku, stærðfræði, samfélagsfræði og náttúrvísindi.

Kennsluskipulag vetrarins með fyrirvara um breytingar

Unnið verður með fingrasetningu jafnt og þétt yfir veturinn með forritinu Typing.com. Nemendur læra að nota fjölbreyttar leiðir við upplýsingaöflun s.s. vefi, mms, krækjusöfn og vafra. Nemendur læra að nota forrit og setja upp ýmis skjöl í G-svítunni og í classroom bæði í ritvinnslu og framsetningu tölulegra gagna. Nemendur nota gagnvirkt námsefni og hugbúnað/forrit við myndvinnslu, gerð stuttmynda, hljóð- og tónvinnslu. Áhersla er á einfaldar reglur um ábyrga netnotkun og fléttast kennslan saman við verkefnavinnu í öðrum námsgreinum.

Námsaðlögun

Nemendur vinna með sömu markmið en námsefnið er aðlagð eftir þörfum.

Námsmat

Mat á réttri fingrasetningu er í september, janúar og maí. Mat á viðmiðum um leið og þau eru nýtt í öðrum námsgreinum.

Námsgögn

Nemendur vinna í Google umhverfinu (G-svítan), nota vefsíður, gagnvirkt efni og forritun.